



Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 4. júní 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að sóknaráætlun Suðurlands 2025-2029

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að sóknaráætlun Suðurlands 2025-2029, mál nr. S-90/2025 sem birt var í samráðsgátt 15. maí 2025. Um er að ræða stefnumótandi áætlun sem miðar að því að styrkja svæði og samfélag Suðurlands. Samtökin fagna samráðinu og vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna þeirra áhersluverkefna sem lögð eru fram í áætluninni.

1. Atvinna og nýsköpun

Íslenskur iðnaður á stóran þátt í verðmætasköpun og þeirri velferð sem samfélagið býr við. Iðnaður skapar nú með beinum hætti um fjórðung landsframleiðslunnar og um 37% af útflutningstekjum Íslands. Þá starfa ríflega 51 þúsund manns eða 22% af heildarfjölda starfandi hér á landi í fjölbreyttum iðnaði og hefur umfang iðnaðar aldrei verið jafn mikið og nú. Mikil sóknartækifæri eru fólgin í vexti iðnaðar á Suðurlandi og hvetja samtökin sveitarfélög á Suðurlandi sem og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (hér eftir SASS) til þess að skapa iðnfyrirtækjum framúrskarandi starfsumhverfi sem mun skila sér margfalt til samfélagsins.

1.1. Stuðningur við nýsköpun og nýliðun

Samtökin fagna því að í drögum að sóknaráætlun sé fjallað um fjölbreytt atvinnulíf og jöfnun tækifæra með því að nýta stafræna innviði, stuðning við frumkvöðla og efla tækifæri fyrir ungt fólk og nýsköpun sem byggir á sérstöðu og auðlindum nærumhverfisins, sbr. lið 1.2 í sóknaráætlun. Atvinnulíf og fjárfesting í nýsköpun eru hornsteinar verðmætasköpunar í landinu og forsenda sjálfbærrar efnahagspróunar til framtíðar. Nýsköpun er ekki eingöngu afleiðing tækniframfara heldur hreyfiafl breytinga sem skapar störf, bætir samkeppnishæfni atvinnulífsins og eykur útflutningstekjur.

1.2. Aukin verðmætasköpun

Samtökin fagna því markmiði sem fram kemur í sóknaráætlun um að auka eigi vermætasköpun á svæðinu. Benda samtökin á að skýr stefnumörkun í þessum málum er nauðsynlegur grunnur fyrir uppbyggingu blómlegs atvinnulífs og hafa samtökin ítrekað hvatt til þess að mótuð verði heildstæð atvinnustefna á Íslandi sem tekur mið af sóknartækifærum mismundandi svæða.

Í mars 2018 gáfu SI út skýrsluna ["Ísland í fremstu röð – eflum samkeppnishæfnina"](#) og var markmið hennar að varpa ljósi á þá þætti sem móta samkeppnishæfni landa.¹ Í skýrslunni var

¹ [Ísland í fremstu röð - eflum samkeppnishæfnina | Skýrslur og rit | Samtök iðnaðarins - íslenskur iðnaður](#) og sjá einnig skýrslu SI „Mótum framtíðina saman – atvinnustefna fyrir Ísland“ : <https://www.si.is/upplýsingar-og-utgafa/skyrslur-og-rit/motum-framtidina-saman-atvinnustefna-fyrir-island>



fjallað um fjóra meginþætti sem hafa mest áhrif á framleiðni: menntun, innviði, nýsköpun og starfsumhverfi. Bentu þar samtökin m.a. á að bæta þyrfti starfsumhverfi iðnfyrirtækja með því að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum, lækka skatta og gjöld sem draga úr samkeppnishæfni og einfalda regluverk til að draga úr íþyngjandi kröfum á fyrirtæki. Lögð var áhersla á að skapa þurfi umgjörð og hvata sem stuðla að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi. Þetta felur í sér að auka fjárfestingu í rannsóknum og þróun, einfalda regluverk og styðja við tækniyfirfærslu milli háskóla og atvinnulífs.

Þá benda samtökin einnig á skýrsluna "[Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi](#)", sem gefin var út í september 2022 þar var fjallað um aðgerðir til að skapa samkeppnishæft starfsumhverfi fyrir íslensk fyrirtæki.² Í skýrslunni eru lagðar fram 26 umbótatillögur sem miða að því að efla samkeppnishæfni og stuðla að framförum.

Samtökin fagna því sérstaklega að lögð sé áhersla á aukna verðmætasköpun í matvælaframleiðslu, sbr. lið 1.4 í sóknaráætlun. Til að ná því markmiði telja samtökin mikilvægt að sérstaklega verði horft til þess að efla stuðningskerfi nýsköpunar á sviði matvælaframleiðslu, auka fjárfestingu í rannsóknum og þróun og tryggja menntun sem mætir þörfum greinarinnar. Fullnýting hráefna og stuðningur við hringrásarhagkerfið í matvælaframleiðslu, til að mynda með bættri meðhöndlun aukaafurða, eru einnig lykilatriði sem stuðla að aukinni verðmætasköpun og sjálfbærni. Í þessu samhengi er mikilvægt að regluverk og eftirlit, svo sem matvælaeftirlit, sé skilvirkt, samræmt og styðji við nýsköpun og framþróun í greininni frekar en að vera íþyngjandi og standa framþróun og nýbreytni fyrir þrifum. Samstarf, sérhæfing og verkaskipting innan matvælaíðnaðarins getur einnig stuðlað að aukinni hagkvæmni, nýsköpun og verðmætasköpun. Með réttum hvötum og traustum stuðningi má vinna gott verk en þar er fjárfestingarþjálfun í stefnumótun og aðgerðum ásamt samráði við atvinnulíf og fyrirtæki lykilatriði.

Samtökin vilja nýta tækifærið og leggja áherslu á að sveitarfélög fara með víðtækt eftirlit. Þar er helst að nefna byggingareftirlit, matvælaeftirlit og hollustuhátta- og mengunarvarnareftirlit. Það væri til mikils að vinna að auka samræmingu á verklagi sveitarfélaga í framkvæmd eftirlits til að auka skilvirkni og minnka sóun bæði hjá eftirlitsaðilum og þegum. Þá hafa sum embætti innheimt eftirlitsgjöld án þess að þær heimsóknir sem eftirlitsgjöldin eigi að standa undir komi til framkvæmda. Ósamræmi er við afgreiðslu sambærilegra mála, bæði innan og á milli embætta sveitarfélaga. Þekkt eru tilvik þar sem hönnunargögnum sem samþykkt eru í einu sveitarfélagi er hafnað þegar þau eru lögð inn óbreytt í öðru sveitarfélagi. Samræma þarf verklag, m.a. með stöðluðum gátlistum, sem tryggir fjárfestingarþjálfun og samræmi í framkvæmd úttekta. Framkvæmd sem byggir á tilviljunum og geðþótta leiðir til sóunar á framleiðslupáttum og dregur úr tiltrú á kerfinu. Ósamræmi í túlkun á regluverki og tafir á úrvinnslu mála leiða til aukins kostnaðar, m.a. við byggingu húsnæðis á tímum þegar miklu máli skiptir að auka húsnæði landsmanna. SI leggur t.d. til að unnið verði að einföldun byggingarferla og betri samræmingu sveitarfélaga um skilyrði fyrir byggingu byggðar. Sömu sjónarmið eiga við um heilbrigðisfulltrúaembættin þar sem skortir samræmingu í eftirliti þeirra. Skilvirkt eftirlit kemur í veg fyrir sóun fjármuna og stuðlar þannig að aukinni verðmætasköpun fyrir samfélagið.

² [SI-starfsumhverfi-skyrsla-opnur-fin.pdf](#)



1.3. Sjálfbærni til framtíðar

Samtökin fagna markimiði áætlunarinnar um sjálfbærni til framtíðar og að auka beri í þeim tilgangi framboð af grænni orku til atvinnuuppbyggingar, sbr. lið 1.7 í sóknaráætluninni. Orkuöryggi er ein af grunnstoðum íslensks samfélags og hagkvæmt raforkuverð grundvallaratriði fyrir samkeppnishæfni Íslands. Raforka gegnir enn fremur lykilhlutverki í þeim orkuskiptum sem framundan eru. Raforkuframboð hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins og hafa fjölmörg tækifæri til atvinnuuppbyggingar glatast síðastliðin ár vegna skorts á raforku. Afleiðingar þessa er lakari samkeppnishæfni, skerðingar á raforku, lægri útflutningstekjur og hærra raforkuverð, m.a. til grænmetisbænda. Skýtur það skökku við að á meðan þjóðir heims keppast við að afla grænnar orku skuli íslenskt samfélag, sem hefur næga möguleika til þess, flytja inn á ársgrundvelli yfir milljón tonn af olíu fyrir um 160 milljarða króna. Samtökin fagna því að áhersla sé lögð á mikilvægi grænnar orku í áætluninni sem gegnir mikilvægu hlutverki í loftlagsmálum og eykur samkeppnishæfni og viðnámsþrótt samfélagsins.

2. Samfélag

Samtökin fagna markmiðum áætlunarinnar er varðar menntun fyrir framtíðina og leggja í því samhengi sérstaka áherslu á aukið aðgengi að fjölbreyttu iðnnámi, sbr. lið 2.4 í sóknaráætluninni. Áhersla á staðbundið og fjölbreytt nám á Suðurlandi styður við byggðapróun og tryggir jafnræði til náms, óháð búsetu. Sérstaklega er jákvætt að iðn-, tækni og nýsköpun í menntun sé í forgrunni, enda mikilvæg til að mæta þörfum atvinnulífs og styðja við sjálfbæra þróun. Mikilvægt er að menntakerfið sé sveigjanlegt og aðlagð bæði dreifðum byggðum og þéttbýli. Slíkt fyrirkomulag styrkir þátttöku og nýtir innviði betur. Árangursríkt skólastarf og inngildandi námsumhverfi eru grunnforsendur fyrir virkni, nýsköpun og framtíðarvöxt.

Samtökin leggja jafnframt áherslu á bættan aðbúnað kennara og nýtingu menntatækni til að einfalda utanumhald, auka skilvirkni og efla gæði náms. Slíkar lausnir létta á álagi og skapa rými fyrir einstaklingsmiðað og inngildandi nám.

Að lokum vilja Samtökin undirstrika mikilvægi þess að styðja við börn og ungmenni með annað móðurmál með markvissum tæknilausnum. Verkefni á borð við Tvík ehf. og Bara tala eru góð dæmi um lausnir sem auka tækifæri þessara nemenda til þátttöku í skóla og samfélagi. Tungumálið er grundvöllur samskipta, menningar og virkni í samfélaginu.

3. Umhverfi

Samtökin taka almennt undir þær metnaðarfullu áherslur sem fram koma í sóknaráætluninni varðandi umhverfismál. Þau eru lykilþáttur í sjálfbærri þróun svæðisins og mikilvæg fyrir íbúa og atvinnulíf.

3.1. Sjálfbær nýting og vernd auðlinda

SI styðja markmið um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, stuðning við náttúruvernd og líffræðilega fjölbreytni og ábyrga nýtingu orkuauðlinda. Í því samhengi leggja samtökin áherslu á mikilvægi þess að orkuöflun, þar með talin nýting vindorku og annarra endurnýjanlegra orkugjafa, fari fram með skilvirkum og fyrirsjáanlegum hætti. Einföldun leyfisveitingaferla fyrir slík verkefni, án þess að gefa afslátt af umhverfiskröfum, er mikilvæg til að styðja við orkuskipti



og þarfir atvinnulífsins fyrir græna orku. Samtökin hafa bent á að tryggt raforkuöryggi og aukið framboð af endurnýjanlegri orku eru forsendur fyrir áframhaldandi vexti og kolefnishlutleysi.

3.2. Hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun

SI fagna áherslum um að vinna að samhæfingu í úrgangsmálum og sorpflokkun, aukna fræðslu og þátttöku íbúa og stuðning við samfélagsverkefni sem stuðla að hringrás og sjálfbærni. Samtökin hafa ítrekað lagt áherslu á nauðsyn þess að byggja upp innviði fyrir endurvinnslu og endurnýtingu á Íslandi. Án slíkra innviða er hætt á að hertar kröfur í úrgangsmálum verði fyrirtækjum íþyngjandi án þess að skila tilætluðum umhverfisárangri. Mikilvægt er að forðast "gullhúðun" á evrópsku regluverki og að aðgerðir séu teknar í nánú samráði við atvinnulífið með áherslu á efnahagslega hvata og raunhæfar lausnir. Þá er samræming á verklagi sveitarfélaga í úrgangsmálum og eftirliti lykilatriði til að tryggja skilvirkni og jafnræði.

4. Innviðir

4.1. Grunnþjónusta, heilsa og öryggi

Samtökin styðja eindregið markmið um eflingu almannavarna og viðbragðsgetu svæðisins, sbr. lið 4.1. í drögum að sóknaráætlun.

Samtökin taka jafnframt undir mikilvægi þess að efla fráveituinnviði enda eru fráveitur og viðhald þeirra mikilvæg stoð í samfélaginu. Óhreinsað fráveituvatn getur haft neikvæð áhrif á umhverfi og ásýnd þess sem og heilsu íbúa. Í [skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga \(FRV\) um innviði á Íslandi](#),³ útg. í febrúar á þessu ári, kemur fram að uppsöfnuð viðhaldsskuld í fráveituinnviðum landsins er 65-98 milljarðar króna en fráveitukerfið og vegakerfið eru í versta ásigkomulagi af þeim innviðum sem metnir eru í skýrslunni. Fráveitur fá ástandseinkunnina 2 af 5 sem þýðir að innviðir eru í slæmu ásigkomulagi og starfsemi þeirra í hættu. Tafarlaust þurfi að bregðast við svo ekki dragi úr virkni þeirra. Ljóst er að fráveitukerfið getur haft neikvæð áhrif á umhverfið og heilsu almennings ef ekki er gripið til aðgerða.

4.2. Húsnæði og skipulag til framtíðar

Samtökin fagna þeim markmiðum sóknaráætlunarinnar sem lúta að húsnæðis- og skipulagsmálum, sér í lagi áherslu á að tryggja fjölbreytt búsetuúrræði, skipulagi í þágu íbúa og samfélags og að efla eigi aðstöðu og innviði fyrir atvinnu, menntun og samfélagsverkefni.

Mikilvægt er að sveitarfélög á Suðurlandi tryggi nægt framboð af byggingarlóðum og stuðli að skilvirkum skipulagsferlum til að mæta húsnæðisþörf og styðja við vöxt svæðisins. Samtökin hafa ítrekað bent á að skortur á lóðum og flóknir og seinvirkir skipulagsferlar eru meðal helstu hindrana í húsnæðisuppbýggingu á landsvísu.

SI leggja áherslu á að unnið verði að einföldun byggingarferla og betri samræmingu sveitarfélaga um skilyrði fyrir byggingu byggðar. Skilvirkt skipulagsferli og nægt framboð lóða er forsenda þess að hægt sé að mæta eftirspurn eftir húsnæði, styðja við fjölbreytt búsetuform og tryggja hagkvæma uppbyggingu. SI hvetja sveitarfélög á Suðurlandi til að hafa frumkvæði

³ [SI-Innviðaskýrsla-2025-opnur-fin.pdf](#)



að því að einfalda regluverk og tryggja fyrirsjáanleika í skipulagsmálum til að laða að fjárfestingu og styðja við atvinnulíf og búsetuþróun á svæðinu.

Einnig er mikilvægt að horfa til liðar 4.6 í sóknaráætluninni og efla aðstöðu og innviði fyrir atvinnu, menntun og samfélagsverkefni. Öflugir innviðir, þar með talið aðstaða fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, nám, listir og félagsstarf, eru grundvöllur fyrir fjölbreyttu og sterku atvinnulífi og samfélagslegri virkni.

4.3. Samgöngur og orkumál

Samtökin styðja eindregið það markmið að tryggja öruggar samgöngur á svæðinu, sbr. lið 4.7 í sóknaráætlun og að vegaframkvæmdum og vetrarþjónustu á lykilleiðum sé forgangsraðað. Vegakerfi landsins fær, líkt og fráveitukerfið, ástandseinkunnina 2 af 5 í innviðaskýrslu SI og FRV. Skýrslan sýnir að uppsöfnuð viðhaldsskuld er mest í vegakerfinu eða á bilinu 265-290 milljarðar króna. Viðhaldi hefur verið ábótavant og við blasir umfangsmikið verkefni til að bæta stöðu vegakerfisins á landsvísu.

Samtökin taka einnig undir mikilvægi þess að tryggja aðgengi að endurnýjanlegri raforku á hagstæðu verði, sbr. lið 4.9 í drögum að sóknaráætlun til að styðja við byggðafestu, orkuskipti og verðmætasköpun í nærumhverfi. SI hafa um árabil lýst yfir þungum áhyggjum af stöðu raforkumála á Íslandi þar sem framboð hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins. Nú þegar hefur þessi staða leitt til skerðinga á afhendingu raforku með tilheyrandi milljarða króna tapi á útflutningstekjum, auk hækkandi raforkuverðs til fyrirtækja og heimila. Samtökin leggja því ríka áherslu á að tryggt og aukið framboð af grænni og endurnýjanlegri orku, á samkeppnishæfu verði, er grundvallarforsenda fyrir áframhaldandi atvinnuþróun, velferð og nauðsynlegum orkuskiptum á Suðurlandi, sem og á landinu öllu.

Til að mæta fyrirséðri aukningu í raforkuþörf er brýnt að stjórnvöld og sveitarfélög á Suðurlandi forgangsraði og greiði fyrir uppbyggingu nýrra virkjana og styrkingu flutnings- og dreifikerfis. Einföldun og fyrirsjáanleiki í leyfisveitingaferlum fyrir orkuframkvæmdir, án þess að gefa afslátt af kröfum um umhverfisvernd og sjálfbærni, er lykilatriði í þessu samhengi. Stefnumörkun sóknaráætlunarinnar þarf að endurspegla þessa aðkallandi þörf með skýrum og tímasettum aðgerðum til að tryggja orkuöryggi svæðisins til framtíðar.

5. Lokaorð

Forsenda framfara Suðurlands er virk samvinna og uppbyggilegt samtal á milli hagaðila um þær áskoranir og þau verkefni sem framundan eru. Verkefnin eru ærin og snúa ekki síst að því að auka samkeppnishæfni Íslands í breiðum skilningi og tryggja góð lífsskilyrði til lengri tíma lítið. Uppbyggilegt samtal fyrirtækja, og hagsmunasamtaka þeirra, við sveitarfélög er lykilþáttur í því. Samtökin lýsa sig reiðubúin til að funda sem og að taka þátt í frekara samráði um útfærslu sóknaráætlunarinnar eftir því sem óskað er.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri